

Nd.

52. Breytingartillögur

[5. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ágústssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

1. Á eftir B. 25 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
Hitarnesvegur: Af Stykkishólmsvegi sunnan Kaldár um Jörfa að Hítarnesi og Krossholti.
2. Á eftir B. 27 í sömu gr. koma 2 nýir liðir:
 - a. *Stakkhamarsvegur*: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Hofsstaða um Borgarholt, Stakkhamar og Mel að Krossum.
 - b. *Staðastaðarvegur*: Af Ólafsvíkurvegi að Staðastað.
3. Á eftir B. 28 í sömu gr. koma 3 nýir liðir:
 - a. *Arnarstapavegur*: Af Útnesvegi að Arnarstapa.
 - b. *Hellnavegur*: Af Útnesvegi að Hellnum.
 - c. *Öndverðarnesvegur*: Af Útnesvegi að Öndverðarnesi.
4. Á eftir B. 30 í sömu gr. kemur nýr liður:
Rífsvegur: Af Hellissandsvegi að Rífi.
5. Á eftir B. 31 í sömu gr. kemur nýr liður:
Framsveitarvegur: Af Eyrarsveitarvegi nálægt Eiði um Hjarðarból og Hallbjarnareyri að Setbergi og á Eyrarsveitarveg við Vindás.
6. Á eftir B. 32 í sömu gr. koma 2 nýir liðir:
 - a. *Bjarnarhafnarvegur*: Af Eyrarsveitarvegi austan Hraunsfjarðar að Seljum og Bjarnarhöfn.
 - b. *Helgafellsvegur*: Af Stykkishólmsvegi að Helgafelli.